

Til Sjávarútvegs og landbúnaðarnefndar Alþingis
Frá Samtökum fiskvinnslu án útgerðar.

Samtökum fiskvinnslu án útgerðar, SFÁÚ hefur borist til umsagnar frumvarp til laga er varðar niðurfellingu veiðiheimilda í þorski og ýsu á árunum 2007-2009, merkt sem 91. mál.

SFÁÚ gefur eftirfarandi umsögn um þetta mál:
Eins og getið er um í athugasemdum við ofangreint frumvarp er því ætlað að koma til móts við þær útgerðir er verða fyrir skerðingu veiðiheimilda vegna niðurskurðar aflamarks í þorski.
Stjórn SFÁÚ gerir engar athugasemdir við umræddar fyrirætlanir og metur þær vel skiljanlegar í ljósi aðstæðna.

Stjórn SFÁÚ leyfir sér hinsvegar að vekja athygli háttvirtar Sjávarútvegs og landbúnaðarnefndar á því að neikvæð áhrif af hinum mikla niðurskurði í þorskafli bitnar ekki á útgerðinni einni, heldur kemur einnig hart niður á starfandi fiskvinnslufyrirtækjum.

Stjórn SFÁÚ hefur áður gert háttvirtri nefnd grein fyrir hve brýnt er að mæta þessum niðurskurði með því að auka aðgengi fiskvinnslufyrirtækja að hráefni, eins mikið og framast er unnt.

Nærtækast er að það verði gert með því að allur óunninn fiskur verði seldur á Íslandi enn ekki sendur óseldur úr landi.

Stjórn SFÁÚ vill því af þessu tilefni ítreka sjónarmið sín um að sala á umræddum fiski fari fram á Íslandi þannig að íslenskum fiskvinnslufyrirtækjum gefist kostur í að bjóða í umræddan fisk.


Það er mat Samtakanna að slík breyting náist ekki fram án íhlutunar stjórnvalda.

Því skorar stjórn SFÁÚ hér með á háttvirta Sjávarútvegs og landbúnaðarnefnd að beita sér fyrir því að allur óunninn íslenskur fiskur verði seldur á Íslandi.

Kópavogi 1. nóvember 2007

Virðingafyllst

F.h. stjórnar SFÁÚ



Óskar Þór Karlsson